Borgarholtsskóli

UPP2A05

Námsáætlun, Vorönn 2024

Kennari/kennarar:	**Netfang/netföng:**
Aron Tómas Haraldsson	aron.haraldsson@borgo.is

Lýsing:

Í áfanganum er lögð áhersla á kynningu á fræðigreininni uppeldis- og menntunarfræði og fjallað um sögu og hagnýtingu greinarinnar. Hugtakið uppeldi er tekið til umræðu og gildi uppeldis fyrir einstakling og samfélag. Mismunandi viðhorf til mannlegs eðlis eru skoðuð í ljósi mismunandi viðhorfa til uppeldis og menntunar í Evrópu síðustu aldirnar. Nemendur kynnast hugmyndafræði nokkurra þekktra uppeldisfræðinga sem hafa haft áhrif á uppeldis- og skólastarf í Evrópu. Þeirra á meðal eru Rousseau, Fröbel, Margrét Pála, Montessori og Dewey. Farið verður í ýmis viðfangsefni sem tengjast uppeldi barna. Samskipti foreldra og barna, mismunandi uppeldishætti, atferlismótandi uppeldisaðferðir, uppeldisgildi bóka og leikja og barnateikningar svo eitthvað sé nefnt. Starfsemi og hlutverk leikskóla er ákveðið viðfangsefni sem verður tekið föstum tökum í þessum áfanga.

Þekking, leikni, hæfni:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- gildi uppeldis fyrir einstakling og samfélag.
- hugmyndafræði og uppeldisaðferðum nokkurra viðurkenndra uppeldisfræðinga og sálfræðinga.
- aðferðum til að styrkja samskiptahæfni.
- uppeldisgildi bóka, fjölmiðla og teikninga fyrir börn og unglinga.
- hugmyndum um félagsmótun.
- hugmyndum um réttindi barna og lýðræði barna.

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- greina og meta eigin hugmyndir um uppeldi.
- meta ólík sjónarmið til uppeldisaðferða og rökstyðji mál sitt.
- beita ýmsum aðferðum til að auka samskiptahæfni sína og annarra.
- afla sér heimilda um viðfangsefni uppeldis- og menntunarfræðinnar.
- greina áhrif utanaðkomandi þátta á uppeldi og menntun.
- meta eigið vinnuframlag og annarra í verkefnavinnu.
- beita mismunandi rannsóknaraðferðum við viðfangsefni uppeldisfræðinnar.

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- gera sér grein fyrir öllum mótunarþáttum í sínu eigin uppeldi sem metið er með persónulegri ígrundun sem kortlagðar eru markvisst og metnar. **(*)**
- nota mismunandi samskiptaaðferðir sem metið er með hagnýtum og raunverulegum verkefnum.
- meta eigin frammistöðu og annarra á gagnrýninn hátt, með sjálfsmati og jafningjamati.
- framkvæma eigindlega rannsókn á sviði uppeldisfræðinnar sem metið er með vettvangsrannsókn og skýrslu. **(*)**
- hæfari sem uppalandi sem metið er með hagnýtum og persónulegum verkefnum.
- vinna lesskilningsverkefni í verkefnabókinni og fá lágmark 7 í einkunn fyrir hana. **(*)**

Borgarholtsskóli

UPP2A05

Námsáætlun, Vorönn 2024

Námsmat:

✓	*Verkefnabók* **(*)**	*35%*
✓	*Krossapróf 1*	*10%*
✓	*Krossapróf 2*	*10%*
✓	*V1 Myndin Parenthood og uppeldishættir*	*5%*
✓	*V2 Persónuleg uppeldisgreining* **(*)**	*10%*
✓	*V3 Atferlismótandi aðferðir*	*5%*
✓	*V4 Leikjaverkefni*	*5%*
✓	*Lokaverkefnið* **(*)**	*20%*

Námsgögn:

Bókin Uppeldi (Vefbók inn vefbok.is)
Annað lesefni frá kennara sem verður aðgengilegt á INNU.

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Áfanginn byggir á **verkefnamiðuðu námi** þar sem áhersla er lögð á **sjálfstæð vinnubrögð** nemenda og **hópvinnu í stærri verkefnum**. Mikil áhersla verður lögð á **lestur** og **lesskilning** nemenda í verkefnabókinni þar sem nemendur þurfa að umorða flest svör. Nemendur þurfa að **skrifa svör** sín í verkefnabókina, nota lítið letur og vanda skrift.

Mæting, ástundun og virkni í tímum skiptir miklu máli í þessum áfanga þar sem að **verkefnabókin er aðeins unnin í tímum** og fer ekki úr kennslustofunni alla önnina. Mikilvægt er að skila verkefnum á réttum tíma. Verkefni og verkefnaskil verða inn á INNU og skyldumæting er í öll krossapróf.

Það er **skylda** að vera með **tölvu eða spjaldtölvu** í tímum til að lesa lesefnið sem er á vefrænu formi. **Farsímar eru ekki leyfðir í tímum og eiga að fara á ákveðinn stað í upphaf hvers tíma. Kennari mun ræða um þetta fyrirkomulag í byrjun áfangans.**

Tvö krossapróf verða á önninni úr inninhaldi verkefnabókar.

Þrír verkefnaþættir eru stjörnumerktir og tengjast **hæfnimarkmiðum** áfangans. Það verður að ná **lokaverkefninu** og **uppeldisgreiningunni** með lágmarkseinkunn (4,5) og einkunn upp á **7 eða hærra fyrir verkefnabókina.**

Borgarholtsskóli

UPP2A05

Námsáætlun, Vorönn 2024

Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats-þættir
1	5. jan.	**Kynning á áfanganum**	
2	8. - 12. jan.	K1: Uppeldi og Uppeldisfræði	***Verkefnabók***
3	15. - 19. jan.	K2: Uppeldi og Menntun í aldanna rás	***Verkefnabók***
4	22. - 26. jan.	K2: Uppeldi og Menntun í aldanna rás	***Verkefnabók***
5	29. jan. - 2. feb.	K5: Samskipti foreldra og barna	***Verkefnabók***
6	5. - 9. feb.	K5: Samskipti foreldra og barna Uppeldishættir foreldra – Diana Baumrind Kvikmyndaverkefni (Prenthood)	*Skóhlífadagar* *Undirb./úrv.* ***Kvikmyndaverkefni (5%)***
7	12. - 16. feb.	Upprifjun (sp.keppni) + Vörðuviðtöl	*Vörðuvika I*
8	19. - 23. feb.	Krossapróf 1 (K1, K2 og K5)	*Vorhlé mánudag og þriðjudag.* ***Krossapróf 1 (10%***
9	26. feb. – 1. mars.	Uppeldisgreining	***Uppeldisgreining (10%)***
10	4. - 8. mars	Ítarefni: Hegðun barna og atferlismótandi uppeldisaðferðir	***Kynningar (5%)***
11	11. - 15. mars.	K7: Barnateikningar	***Verkefnabók***
12	18. - 22. mars	K8: Börn og bækur	*Undirb./úrv.* *Vörðuvika II.* ***Verkefnabók***
13	25. mars - 1. apr.	**Páskaleyfi**	
14	2. – 5. apr.	K9: Börn og miðlar	***Verkefnabók***
15	8. – 12. apr.	Upprifjun (sp.keppni) + Krossapróf 2 (K7, K8 og K9)	***Krossapróf 2***
16	15. - 19. apr.	**Lokaverkefnið:** *Rannsóknarverkefni um leikskóla*	
17	22. – 26. apr.	**Lokaverkefnið:** *Rannsóknarverkefni um leikskóla*	*Sumardagurinn fyrsti* ***Skila skýrslu (20%)***
18	29. apr. – 3. maí	K10: Leikjaverkefnið	*Dagur verkalýðsins*
19	6. – 10. maí	K10: Leikjaverkefnið	*Uppstigning.dagur* ***Kynningar Leikir (5%)***
20	13.-17. maí		*Síðasti kennsludagur*

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.